

Vegna óveðurs í desember 2019:

Hér koma spurningar Sigrúnar hjá Forsætisráðuneytinu og svör Nova.

1. *Hvernig var fyrirtækið undirbúið fyrir óveðrið, tókst að framfylgja viðbragðsáætlun (er hún til vegna óveðurs/raforkuskorts), hvað hefði betur mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því?*
  - Nova er með viðbragðsáætlun sem virkjast við fyrirfram skilgreind frávik frá veittri þjónustu, þ.e. viðbrögð stýrast af umfangi þjónusturöskunar hverju sinni.
  - Ekki er gerður greinarmunur á ástæðu fráviks/atviks, þ.e. hvort um óveður, rafmagnsleysi, jarðskjálfta, eldgos eða víðtæka bilun er að ræða.
  - Neyðarstigið stýrir viðbragðinu og viðbragðsáætlun segir til um viðeigandi aðgerðir.
  - Í óveðrinu í desember var Nova með viðbúnað bæði á óvissustigi og síðar hættustigi í samræmi við eigin Viðbragðsáætlun.
  - Viðbragðsáætlun Nova uppfyllir öll skilyrði og öryggisviðmið sem Nova setur sér og eru jafnvel umfram það sem lög og reglur segja til um.
  - Samhæfing og samvinna allra fjarskiptafyrirtækja ásamt PFS við þessar aðstæður er lykilatriði í því hversu vel tókst til hvað varðar fjarskiptin.
  - Það sem við óttuðumst mest og gekk eftir var viðvarandi rafmagnsleysi sem á endanum tæmdi allt varafli á okkar stöðum á þessu svæði.
  - Ef ekki hefði verið fyrir rafmagnsleysi hefði þjónusta Nova ekki raskast á svæðinu.
2. *Hver var staða varaafli fyrir þjónustuna við þessar aðstæður, m.a. var þjónustan háð eigin varaafli eða varaafli annarra, hversu stórt þjónustusvæði datt út vegna raforkuskorts? Tillögur til úrbóta.*
  - Allir okkar sendastaðir eru að lágmarki með 4 klst varafli sem hefur reynslunni samkvæmt verið yfirdrifið þar til nú.
  - Þjónusta Nova er háð bæði eigin varaafli og varaafli annarra á svæðinu ef rafmagnsveitur detta út.
  - Þjónustusvæði sem datt út náði frá Holtavörðuheidi og að Raufarhöfn
  - Á þessi svæði ( póstnúmer 500 - 699) er Nova með 16 eigin sendastaði þar sem varafli er alls staðar 4 klst eða meira.
  - Ennfremur er Nova með 72 sendastaði í gegnum Sendafélagið.
  - Frekar en að öll fjarskiptafélög verði rafmagnsframleiðendur umfram það sem er í dag, þ.e. hver með sín geymasett og varaafli, ætti að skoða möguleika á

samnýtingu þar sem ríki og sveitarfélög tryggja rafmangið til að fjarskiptafélög geta tryggt fjarskiptin.

3. *Var nægilegur mannaflí til staðar, til viðbragða, var tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur? Tillögur um eflingu viðbúnaðar ef við á.*
  - Starfsmenn Nova og allur okkar tækjakostur var nýttur í verkefnið og tókst vel til að okkar mati.
  - Auk þess áttum við í góðu samstarfi við aðra aðila, bæði stjórnsýslu og samkeppnisaðila.
  - Það sem betur mætti fara væri að ríki og sveitarfélög tryggi rafmagn.
  
4. *Aðrar tillögur um aðgerðir sem styrkja þjónustu fjarskipta í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar.*
  - Nova telur að mikið/allt vinnist með því að rafmagn sé tryggt og á allur fókus á að vera á því.
  - Síðan þarf að leggja ofuráherslu á að halda landshringnum/hraðbraut fjarskipta gangandi og leggja fjármuni í það.
  - Á meðan rafmagn er tryggt og landshringurinn órofinn eru litlar eða engar líkur á að svona þjónusturof geti átt sér stað.
  - Hér eiga RARIK, LANDSNET og sveitarfélög (þéttbýliskjarnar) að taka höndum saman um að tryggja rafmagn og landshringinn fyrir innviðina (almannavarnir, heilsugæslu, fjarskipti osfr)
  
5. *Hver er sýn fyrirtækisins á það hver séu lágmarks öryggisfjarskipti fyrir almenning og hvað þurfi til að þau virki, þannig að almenningur geti látið vita af sér (t.d. talsímasamband við 112).*
  - Ekki er ljóst hve stórt þetta vandamál var eða hvort það var. Því öll farsímakerfi leyfa hringu í 112 óháð þjónustuaðila notanda.  
Hefur einhver leitt hugann að kaupum á gervihnatta símum fyrir alla í dreifbýli á hættusvæðum?
  
6. *Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.*

- Það sem okkur finnst skipta mestu máli og hefur komið fram hér ofar er að tryggja rafmagn og að halda landshringnum (ljósleiðaranet hringinn í kringum landið og tenging við sæstrengi) starfhæfum.

Virðingarfyllt,  
f.h.. Nova hf

*Benedikt Ragnarsson, tæknistjóri*  
*Jón Steinar Guðjónsson, öryggisstjóri*